

Fundargerð

Fundarefni:	8. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	18. nóvember 2014
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Erlingur Snær Erlingsson, Hólmfríður Einarsdóttir, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson, Kristín J Rögnvaldsdóttir, Kristín Stefánsdóttir, Sigurður Grétarsson
Fjarverandi:	Ólafur Guðlaugsson, Stanislaw Bukowski
Ritað af:	Íris Lena Leósdóttir

1. Fundur settur.

- Guðni setti fundinn kl. 18.05

2. Desemberfjör 29. nóvember

- Farið yfir skipulag og dagskrá viðburðarins, verkefnum skipt á milli fólks, mikil umræða um fyrirkomulag við móttöku greiðslu fyrir föndur og vöflusölu. Athuga með posa.
- Njörva þarf betur niður tímasetningar, t.d. á kór og hljómsveit. Áætlaður tími er frá kl. 11 – 14 en spurning hvort byrja ætti kl. 10 til að mannfjöldinn dreifist yfir lengra tímabil þar sem mikill fjöldi fólks mætti í fyrra og sprengdi utan af sér húsnæðið. Nú verðum við einnig dreifð um stærra svæði.
- Laufabrauðssteiking mun fara fram í heimilsfræðistofunni og þurfum við 4 hellur og potta.
- Auglýsa þarf eftir sjálfboðaliðum úr hópi foreldra, helst 20 manns til að dreifa álagi.
- Í skjalinu Tékklisti fyrir Desemberfjör er upptalning á helstu atriðum og ábyrgðarmönnum.

3. Pólsku bæklingarnir

- Donata mun hafa kynningu fyrir foreldra nemenda í alþjóðaverinu og ýta á eftir því að þeir skrifi undir.

4. Foreldrasáttmálinn

- Guðni ætlar að senda hvatningu til bekkjarfulltrúa um að klára undirskriftir sáttmálans fyrir 1. des.
- Dregið verður um pítsaveislu fyrir einhvern heppinn bekk á Desemberfjörinu 29. nóv.

5. Fundur með skólastjóra

- Komið er að reglulegum fundi með Sigrúnu skólastjóra, Guðni finnur tíma með henni í næstu viku og boðar stjórnina.

6. Jólafundur stjórnar

- Rætt um stað og stund jólafundar, 11. des en staðsetning óráðin, jafnvel Hereford eða Turninn. Erlingur athugar.

7. Önnur mál

- Rætt um Samkópsfund í síðustu viku, Karl, Kristín og Sigurður mættu. Þar var rætt um hlutverk foreldra í heimanámi nemenda og mikilvægi þess að nemendur kunni að læra heima. Einnig hvernig hægt sé að virkja þátttöku foreldra.
- Röltmál
 - 2 10. bekkir búnir en ekki vitað um stöðuna, taska þó sótt til Sigurðar.
 - Röltfundur um daginn með Lögreglunni og Samkóp en einungis mættu fulltrúar frá helmingi skóla í Kópavogi.
- Sigurður hvatti stjórnarmeðlimi til að vinna í því að fá fleiri erlenda foreldra í stjórnina.

8. Fundi slitið

- Guðni sleit fundi kl. 19:50